



# Lífgeislur

TÍMARIT UM LÍFSAMBÖND VIÐ AÐRAR STJÖRNUR • 59. TBL. 13. ÁRG. FEBRÚAR 1990.



*Í manninum hugsa jarðefnið.  
(Helgi Pjeturss)*

**Ingvar Agnarsson:**

# **Geimþoka — myndunarstaður nýrra stjarna**

(sjá forsiðumynd)

Víða um himin má sjá mikla efnismekki og skyggja þeir mjög á stjörnur, sem að baki liggja. Myndin sýnir *Lónþokuna M 8* í stjörnumerkinu Bogmanninum, en talið er að í henni séu myndunarsvæði nýrra stjarna. Hér er ein af þessum fögru geimþokum, sem mjög setja svip sinn á hin ýmsu svæði vetrarbrautarinnar. Birtu sína fær hún frá nálægum sólstjörnum en einnig frá stjörnum sem talið er að séu í myndun innan þokunnar sjálfrar.

Geimþokur auka mjög á margbreytileika himins og fegurð hans, og verður þessara fyrirbæra best notið með því að horfa á þær í stjörnusjám, enda koma þar víða fram hinar einkennilegustu myndir, eins og t.d. Hesthausinn í Sverðþokunni í Óríonsmerki og Norður-Ameríkuþokan í merki Svansins, en þessar geimþokur og fleiri hafa hlotið nöfn sín af augljósri líkingu við þau fyrirbæri á jörðu hér, sem allir þekkja.

# Geimverur í heimsókn?

## I.

**Ingvar Agnarsson:**

### Fljúgandi furðuhlutir í ljósi hins nýalska skilnings

Mjög hafa frásagnir um fljúgandi furðuhluti verið fjölskrúðugar á síðari áratugum, einkum eftir heimsstyrjöldina síðari, og nokkuð samtíða því, sem tæknimenning þjóðanna komst á hærra stig.

Frásögn Katrínar Sólbjartsdóttur, sem fylgir hér á eftir, er skilmerkileg í besta lagi. Loftsynir af þessu tagi, munu hafa verið heldur fátíðar á þessum árum (1931-1933), og því er frásögn Katrínar jafnvel enn athyglisverðari fyrir þá sök. Það er einnig mjög merkilegt og líklega óvenjulegt í meira lagi, að hún og heimilisfólkið á Silalæk, sá þennan hlut margsinnis þetta ákveðna sumar.

Lýsingu Katrínar á þessum furðuhlut ber mjög saman við ýmsar lýsingar sjónarvotta í öðrum löndum, en um það bera vitni bæði ljósmyndir og teikningar, sem oftlega hafa verið birtar í blöðum og bókum um víða veröld.

Ýmsar getgátur hafa verið uppi um þessa furðuhluti, og hafa flestir verið sammála um, að hér hafi verið á ferðinni farartæki frá öðrum hnöttum, og þá stjórnað af vitsmunaverum, þaðan komnum. Eru og ýmsar frásagnir af samskiptum manna og þessara aðkomnu gesta. Oft getur þó verið nokkuð erfitt að henda reiður á, hvað satt muni vera og hvað hefur afbakast í frásögnunum.

Erfitt hefur verið um vik að skýra og skilja möguleika þess, að ferðast hingað með tæknilegum aðferðum frá einhverju fjarlægðu sólhverfi. Fjarlægðir þangað eru svo gífurlegar, að nemur minnst nokkrum ljósárum. (Í okkar sólhverfi mun áreiðanlega ekki vera um vitlíf að ræða utan jarðar okkar, og aðeins önnur sólhverfi koma þá til greina í þessu sambandi).

En kenningar Helga Pjeturss um lífsambandið milli hnatta, gætu hér orðið til glöggvunar og leyst þennan hnút. Ekki hafa verið óþekkt þau fyrirbæri, að líkamningar komi hér fram, t.d. á miðilsfundum. Þá er eins og lifandi maður skapist hér fullmótaður á andartaki. Hann getur talað og hreyft sig um og viðstaddir geta tekið á honum og fundið, að hann er þéttur og efniskenndur viðkomu. Hér mun (nær) ævinlega vera um að ræða mann, sem komið hefur hamförum frá fjarlægum heimahnetti sínum og líkamast hér um stutta stund. Einmitt það, að líkamningur getur staðið hér við aðeins stutta stund, sýnir mikla líkingu við furðuhlutina fljúgandi. Þeir sjást sjaldan nema í stutta stund í einu. Eins og líkamningar taka stundum á sig líkamsgerfi aðeins að nokkru leyti, þ.e. líkamast ekki til fulls, þannig virðist einnig oft vera með fljúgandi diskana. Margar ljósmyndir af þeim bera með sér að hlutirnir eru óskýrir og eins og útjaðrar þeirra séu loðnir og úfnir að meira eða minna leyti. Mun það vera merki ófullkomninnar efnunar.

Líklegasta niðurstaðan hlýtur að verða sú, samkvæmt nýölskum skilningi, að fljúgandi furðuhlutirnir, ásamt áhöfnum þeirra, séu hamfarafyrirbæri, komi hér fram í lofthveli jarðar okkar (og lendi stundum) sem e.k. líkamningar, þeir afefnist á sínum heimahnetti og efnist nær samtímis hér við okkar hnött, en hverfa svo aftur með sama hætti til síns heima og taka þar á sig fyrri lögun sína. Hið ríkjandi aflsvæði á jörðu okkar gefur þessum gestum okkar ekki möguleika til langrar dvalar. En aftur á móti er líklegt að hin mikla tæknivæðing jarðarbyggja veiti tæknimenntuðum mannkynjum annarra hnatta möguleika til hamfara hingað við og við þegar sérstakt ástæði er hér ríkjandi.

Það er aftur á mót íhugunarefni, hvort hugarástand jarðarbúa er nægilega þroskað í guðsríkisátt til þess, að slíkir gestir frá tæknivæddum mannfélögum, komi ávallt hingað í nægilega góðum tilgangi. Undir hugarfari jarðarbúa mun það einkum vera komið hverskonar gesti ber hér að garði að hamfaraleiðum.

Á því er hin mesta nauðsyn að réttur skilningur verði ríkjandi á eðli fjarhrifasambanda hverskonar, ásamt bættu hugarfari almennt, sem fylgja mundi í kjölfar lífsambanda upp á við.

Mundi slíkt koma í veg fyrir þann hluta heimsókna hingað, frá tæknivæddum mannfélögum, sem hugsanlega gætu reynst okkur varhugaverðar.

Hér fylgir á eftir frásögn sú af fljúgandi hlutum furðulega, sem minnst er á að framan, og bar fyrir Katrínu Sólbjartsdóttur á yngri árum hennar upp úr 1930.

## II.

**Katrín Sólbjartsdóttir:**

# Fljúgandi hluturinn sérkennilegi

Ég set þetta hér á blað, vegna þess, að góður vinur bað mig þess og skal það gert eftir besta minni mínu, en mörg eru árin síðan þetta gerðist, því það var kringum 1931-1933, en nú er árið 1989, þegar þetta er skrifað.

Á þessum árum fór ég til Norðurlands og varð Suður-Þingeyjarsýsla fyrir valinu. Þar var ég nokkur ár á bæ, sem er kallaður Sílalækur, og er hann ekki nema stutt austan við Skjálfandafljótið, sem rennur út á Skjálfandaflóa. Vestan við fljótið eru há fjöll, sem heita Kinnarfjöll.

Það sem ég ætla nú að greina frá gerist á þessu fyrrnefnda ári. Þetta var í júlímánuði og allir með full tún af heyi, sem átti nú að þurrka þennan dag, því himinn var heiður og

sólskin. Nú rísa allir úr sætum sínum og fara út, en þegar við komum út úr bænum, þá sjáum við hlut á lofti, sem okkur öllum þótti heldur en ekki sérkennilegur.

Hlutur þessi kom út suðvesturátt og stefndi upp á Kinnarfjöllin, en fór mjög hægt og rólega, eins og hann væri að leita eftir einhverju. Eftir því sem hann kom nær, þá sáuð við að þetta var kringlótt í lögun og sýndist vera gult eða mjög ljósbrúnt á lit. Það mjókkaði upp. Svo er það kom nær, þá sáuð við stöng eða rör, sem stóð upp úr því. Ekki gátum við merkt neina glugga á þessu. Þessi hlutur fór alltaf jafn hægt og rólega. Svo stefndi hann beint út á Flóann, líklega um hálfu mílu að því er virtist. Úr þessum hlut hlaut að sjást vel til Húsavíkur og út á Tjörnesið. Alltaf horfðum við á þennan hlut, þar til hann tekur beygju og stefnir beint upp á fjallið (Kinnarfjöllin) aftur og fer sömu leið til baka, þar til hann hvarf sjónum okkar.

Aldrei vissum við hvaða hlutur þetta var. Þetta sást oft á sveimi eftir þetta um sumarið, þegar bjart var veður, stundum daglega. Ég vissi líka að hluturinn sást bæði frá Sandi og Hraunkoti, en það eru nálægir bæir.

Kann ég svo ekki meira frá þessum hlut að skýra.

## **Um höfund framanskráðrar frásagnar:**

Katrín Sólbjartsdóttir fæddist þann 20. júní 1908 í Bjarnareyjum á Breiðafirði og ólst þar upp hjá foreldrum sínum Sólbjarti Gunnlaugssyni bónda og Sigríði Björnsdóttur, sem áttu saman 9 börn.

Frá unga aldri varð Katrín vör við eitt annað, sem dulrænt hefur verið kallað og kemur það vel fram í frásögupáttum hennar, sem sumir hverjir munu birtast hér á næstunni.

Þegar Katrín var 19 ára fór hún norður í Þingeyjarsýslu og árið eftir, 1928, giftist hún Friðjóni Jónassyni (f. 1900). Þau settust að á Sílalæk og bjuggu þar í 17 ár uns Friðjón

andaðist árið 1946. Eftir það flutti Katrín til Akureyrar með börnum sínum.


Katrín Sólbjartsdóttir er af öllum, sem hana þekkja, talin hin merkasta kona og frásagnir hennar bera með sér að hún getur aðeins þeirra atburða, sem hún man vel og segir frá þeim á sem sannastan og réttastan hátt.

I. A.

### III


## Myndir af sérkennilegum sýnum í lofti

Til fróðleiks læt ég fylgja hér nokkrar myndir af fljúgandi hlutum, en slíkar hafa oft verið birtar í bókum og tímaritum.



Hér er teikning sem sögð er gerð af tæknifræðingi í bandaríska hernum árið 1958, þar sem hann sá hlutinn á sveimi yfir herstöð þeirri sem hann vann hjá. — Eins og á hinum myndunum tveim er hér allmikil líking við lýsingu Katrínar.

Úr: Beyond Earth.



Þessar tvær myndir eru mjög í líkingu við lýsingu Katrínar á því, sem hún varð sjónarvottur að. Sú til hægri er alloðin og óskýr á útjöðrum, eins og efnunin hafi ekki verið fullkomin, þegar ljósmyndin var tekin.

Úr bókinni Beyond Earth: Man's contact with U.F.O.s.



Stundum hafa margir furðuhlutir sést á lofti samtímis, og verið séðir af mörgum.

Ufos and Other Worlds.



**Þorsteinn Guðjónsson:**

## **Heimsviðburður og stjórnuþáfræði**

„Stjórnuþákona sagði frá Reagan að láta manninn sinn hitta Gorbachev í Reykjavík og ekki annarstaðar“. - Þetta er í sem allra stystu máli inntak forsíðufréttar Morgunblaðsins sóljafndægradaginn 23. september 1989. En ef fréttin er lesin til enda, bæði á útsíðu og innsíðu, kemur í ljós, að spádómurinn nægði alls ekki einn sér, heldur persónuleg áhrif og umtöluhæfileiki spákonunnar sjálf, sem á þeim tíma var í nánu sambandi við hina duttlungafullu Nancy Reagan. Það var með öðrum orðum spákonan sjálf en ekki „staða stjarnanna“, sem baggamuninn reið. Niðurstaðan varð ágæt, hver svo sem reiknisáðferðin var. Reykjavík átti að verða „orkustöðin, þaðan sem guðlegt ljós skín yfir alla jörð“, eins og mikill spámaður, Adam Rutherford, hefur fyrir löngu að orði kveðið.

Á fyrri hluta þessarar aldar taldi upplýst fólk í löndum hvíttra manna, sem vissi að stjórnum eru ekki spátæki, heldur sólir og jarðir, skömm að því að fást við stjórnuþáfræði. En þó voru undirstraumar hinnar gömlu trúar býsna sterkir. Leiða má líkur að því, að vegna tengsla sinna við stjórnuþámenn hafi nasistar unnið slaginn við kommúnista um Þýskaland 1932-33, og stöðvað þannig í Evrópu framgang bolsévismans, sem nú fyrst er að komast upp um að marki - líkt og Nancy hin spágjarna hefur nú óbeint orðið til þess að ríki sósíalisms virðist vera að liðast í sundur. Einmitt það, að Bandaríkin biðu lægra hlut í sambandi við Reykjavíkurfundinn, varð til þess að slaknaði á klónni þar eystra.

Hér kemur svo skýring á því, hversvegna stjórnuþáfræðin getur stundum sýnst svo þýðingarmikil sem ofanefnd dæmi - og ótal önnur - virðast gefa til kynna.

Þegar guðirnir, þ.e. hinir lengra komnu lifendur á öðrum stjörnum, sjá að stefnir til þeirra stóráfalla, sem sífellt endurtaka sig á jörðum hins fædda lífs, reyna þeir allar leiðir til að láta vita af sér og forða mönnum þannig frá ógæfu. En þá er það fyrst að koma inn einhverri hugsun um stjörnurnar, því að þaðan er það, sem þessi tilraun er gerð. Þá verða fyrir þau ósigrandi vandræði, að menn vita nær ekkert um stjörnurnar, eða þá að þeir sem vita eitthvað eru alltof formlegir til þess að opna leiðina. Afleiðingin er sú að stjörnuþámennirnir verða, þrátt fyrir sitt „forkóperniska“ menningarstig, skásti kosturinn.

Mjög er athyglisvert að stjörnuþámaðurinn John Alexander (frá Ástralíu) er farinn að reyna að koma íslenski heimspeki inn í dulrænustrauma nútíðarinnar þar sem hreykir sér hvað innan um annað: austræn fræði, fínefnistrú (sbr. Pál postula), ásatrúarmenn, drúíðar, innanjörðungar, Wiccar (dregið af vitka-nafninu í forníslenskum fræðum), satanistar (mjög greindir!) og hvað sem nöfnum tjáir að nefna. En færi svo að skynsemin kæmist þarna inn, mundi það ríki hrynja sjálfkrafa og fagurt mannlíf þróast á grunni hinna sléttuðu rústa.

Bráðum munu menn fá að sjá rétta stjörnufræði í stað stjörnufráfræði og stjörnuþáfræði. Væri ekki rétt að athuga málið?

**Helgi Pjeturss:**

## **Hin rétta undirstaða**

Það hlutverk sem hinu norræna kyni er ætlað að vinna, er nú einmitt að koma þessu máli fram og sérstaklega eru þar hin dýpstu rök Íslands byggingar. Því að hefði ekki einvalalið af Norðurlöndum yfirgefið akra sína og skóga, til þess að nema hér land á þessum útjaðri hins byggilega heims, þá væri undir lok liðið *hið ágætasta mál, sem fram hefir komið á jörðu hér, og hin rétta undirstaða hefði aldrei fundin orðið.* (Undirstrikun mín S. H.). *(Ennýall bls. 94)*

Gunnar Grímsson:

## Hver er hinn mesti hraði?

Svo sem kunnugt er segir afstæðiskenning Einsteins svo fyrir að mesti hraði í tilveru okkar sé hraði ljóssins. Ýmsir gagnrýnendur hafa réttilega bent á að heimspeki dr. Helga Pjeturs geri ráð fyrir nær óendanlegum hraða, hún sé því markleysa ein og falli því um sjálfa sig á þessu atriði einu.

Hér er við stóran að etja og því næsta von að margur leitandinn sem vill kynna sér kenningar dr. Helga, jafnvel sem vísindatilgátu, nemi hér staðar og komist ekki yfir þetta jártjald sem reist hefur verið af einum dáðasta vísindamanni tuttugustu aldararinnar á þessu sviði. Það er spurt: Hvað segja nýalssinnar um þessar staðreyndir? Sjálfsagt verða svörin jafnmörg og svarendur. Sjálfur vil ég benda á eitt eða tvö atriði sem vekja athygli og spurningar og sýna að dæmið gengur ekki upp.

Það eru í fyrsta lagi **fjarhrifin**. Fjöldi manna, jafnt lærðir sem leikir telja sig fullvissa um að þau eiga sér stað, jafnvel um víddir geimsins, hvað þá heldur innan þessa hnattar. Spurningin um það hvort fjarhrif eigi sér stað er ekki lengur vafaspurning og hlýtur vaxandi fylgi með hverju ári sem líður. Og menn skyldu athuga það að viðurkenning á fjarhrifum og hraða sólarljóssins eiga enga samleið.

Í annan stað vil ég benda á huga mannsins. Hvað finnst ykkur um hraða hans? Þú segir ef til vill að hann sé ekki marktækur hlutur eða marktækur veruleiki, en þó er þetta einhverskonar rafneisti í þínum eigin heila. Á sekúndubroti er hugurinn kominn á slóðir hér innan hnattar, sem þú hefir áður komið á og þekkir. Fjarlægðir skipta hér ekki máli. Einhvernveginn býður okkur í grun að þetta sé hraðinn sem flytur þig til stjörnuunnar þinnar þegar héðan er haldið.

**Þorsteinn Guðjónsson:**

## **Mun Jörðin bjargast?**

Mun Jörðin bjargast?, spyrja þeir ”á hinnum“, það er í öðrum sólhverfum. En eftir ólíkum leiðum hefur mér á undanförunum ófremdarárum hvað eftir annað borist sá boðskapur, með ýmsum hætti, að þrátt fyrir allt muni rætast úr. Ekki er annað hægt að segja en stóratburðir þeir, sem gerst hafa í Austurevrópu á síðustu mánuðum bendi til þess, að sumt hið ólíklegasta geti gerst. Út frá lögmálinu um samstillingu og andstillingu sagði ég það fyrir í grein í Tímanum 6. des. að breytingarnar þarna mundu fljótt leiða til afturfarar hergagnaiðnaðarins, og liðu ekki nema nokkrir dagar þangað til fór að örla á slíku erlendis. En nú mun kominn skriður á, heldur betur, og óvíst hvar hann tekur enda.

Í umræðum um vopnabúnaðarmál í þætti hjá Stöð 2 15. janúar, kom það fram hjá einum, sem einna kunnugastur þykir vera slíku, að vopnaiðnaðurinn væri svo samofinn öðrum iðnaði, að það hefði lítið að segja fyrir hergagnaframleiðendur þótt þeir gætu selt eitthvað af vopnunum til „óróasvæða“ hér og þar á hnettinum („28. svæði“). Mesta fjármagnið lægi í hátæknihergögnum, sem engir hafa „not“ fyrir nema stórveldin. Sama viðhorf skildist mér koma fram hjá einhverjum fjármálajöfrum, sem voru leiddir til vitnis um slík vanþrif í hergagnaiðnaði, og munu þeir hafa talið litla „von um bata“. - Ræðumaður hélt hinsvegar, að af þessu mætti ráða, að hergagnaframleiðendur myndu lítið sinna því að ala á stríðshneigðum á „sérsvæðum“ með það í huga að geta selt minniháttar vopn, og væri betur, að hann hefði þar rétt fyrir sér.

Mun Jörðin bjargast? spyrja þeir enn hinir lengra komnu, um leið og þeir gleðjast yfir því, sem áunnist hefur. Meðal þeirra sem „spáðu“ hinu betra meðan einna svartast var

fyrir nokkrum árum, var Þorsteinn á Úlfsstöðum. Hann sagði (stytt og endursagt): „Þeim mistókst að bjarga árin 1914 og 1939 og var það af því, að þeir fóru of geyst, ætluðu sér ekki af. Nú hafa þeir lært af reynslunni, og gæta þeir þess nú vandlega að stíga hvert spor nógu gætilega, láta sér hvergi fipast, en stefna jafnt og þétt að því marki sem björgunin er“. Þetta held ég hafa verið aðalefnið í því, sem hann sagði.

Og það er þetta sem nú er að koma fram. Einhversstaðar hafa lengra komnir sagt, að þeir séu komnir með jörðina í heild sinni yfir mesta hættutímabilið, en geti hinsvegar ekki afstýrt illverkum á einstökum svæðum og í einstökum dæmum. Einnig þetta, sem sagt var áður en skriðan fór af stað, kemur furðulega vel heim og saman við það sem nýlega hefur gerst.

**Helgi Pjeturss:**

## **Kraftur sannleikans**

Lesið þetta mál mitt vel, og hugleiðið vandlega. Og þið munuð finna, að orðum mínum fylgir kraftur nokkur og ekki lítill. Kraftur sannleikans er það, þess sannleika, sem svo erfitt er að finna í helvíti, og þó ennþá erfiðara að hafa fundið, meðan enginn vill þiggja. Því að einn maður, sem næðir á eiturgustur misskilningsins, er útilokaður frá sambandi við góða staði, hversu vel sem hann veit og vill. Þeim manni, sem fundið hefir þau sannindi, sem til sigurs munu leiða á helvíti, er helvíti erfiðara en áður, meðan enginn fæst til að þiggja.

*Úr ritgerðinni Sambandsmál. Sannýall, bls. 271.*

**Þorsteinn Guðjónsson:**

## **Frá Jörð til jarðar**

Hvernig á að koma vitneskju til annarra hnatta - það er til stjarnfræðilegra nágranna á líku þróunarstigi og Jarðarmenn eru? Svárið er einfalt: fyrst og fremst með því að ásetja sér það. Ásetningurinn sjálfur, ásamt nokkrum skilningi á möguleikunum, leiðir af sér árangurinn. Það að Pál Steinarsson dreymdi, rétt eftir að greinin „Til nálægs sólhverfis“ kom út, að hann væri að gera tilraun til að tala þannig til annars frumlífshnattar - það er að draumgjafi hans var að tala, sá sem jafnframt vissi til hnattar á fullkonnunarleið og að lokum var einnig draumgjafi Páls - þetta er hinn gleggsti vottur þess, að leiðin er fær. Til frekari styrkingar þeirri skoðun að leiðin sé fær, er það sem fram kemur í bók þeirri, sem eðlisfræðingurinn Russell Targ gaf mér á ráðstefnu þeirra eðlisfræðinganna í Reykjavík í nóvember, en þar segja þeir Harold Puthoff frá fjarskynjunartilraunum sínum sem **aldrei mistakast** e.t.v. vegna þeirrar virðingar, sem þeir báðir njóta sem vísindamenn (stilliáhrif). Targ hefur viðtakanda í dimmu einangrunarherbergi, en á meðan fer Puthoff akandi eitthvað út í buskann, og lætur sjálfvirka vél ákvarða staðinn, sem hann fer að skoða. Þangað kominn fer Puthoff að njóta útsýnisins, og hugsar ekkert um að „senda“. En tilraunatíminn er hinn sami hjá báðum, og þegar Targ fer að spyrja manninn í dimma herberginu, hvað það sé, sem hinn hefur fyrir augunum, þá fást hér um bil alltaf rétt svör, og er athyglisvert, að við þessar tilraunir hafa þeir eins og enduruppgötvað rangþýðingalögmálið. Annað athyglisvert er það, að þegar einhverjir koma til að rengja tilraunir þeirra, þá bjóða þeir þeim þátttöku í tilrauninni, og ná rengingamennirnir þá oftast góðum árangri - og verða hreyknir af! Þessi aðferð hefur haft hina mestu þýðingu fyrir framgang þeirra félaga. - Nú viku sögunni að fjarsamböndum við aðra

hnetti. Pál dreymdi, að hann væri að tala til tveggja átta: annars vegar til herra fullkunnarstigs, hinsvegar til frumlífsstigs með líku ástandi og hans. Í þriðja lagi var þessi fjartalandi draumgjafi Páls sjálfs og sjáum við þannig fram á að minnsta kosti þrjár lífgeislaleiðir frá sama geranda. Það er ekki lítið atriði, að frumlífsmenn geta gerst slíkir gerendur, þegar þeir hafa þekkingu til að bera, og vilja til frumkvæðis. Þegar við förum nú að senda svona héðan af jörð - undir leiðsögn hinna lengra komnu, því það verður alltaf að vera - þá er það fyrsta spurningin: hvað á að senda? Svárið hlýtur að vera: vitneskju um ástand okkar sem sendum, ástand mannkyns okkar og okkar sjálfra. Og hér hafa þeir sem aðhyllast skilning Nýals mikilvægu hlutverki að gegna: Með stjörnusambandskilningi skapast möguleikar til sendingar ekki aðeins skynjana eins og þeir Targ og Puthoff koma til leiðar, heldur einnig skynsamlegrar vitneskju um ástand og horfur hér á jörð.

*Ritað skömmu eftir ráðstefnu eðlisfræðinganna á Hótel Loftleiðum haustið 1977, en þar voru víðkunnir erlendir fræðimenn að þinga um sambandsmálefni.*



**Lífgeislinn er sá miðill sem brúar bilið milli stjarna og vetrarbrauta**

*Patrick Moore: The Unfolding Univers*

Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum:

## Glerbrot

I.

Geisli, sem leið  
frá glóðum sólar  
út í ómælisgeim,  
skín sér ei fyrri  
en skín hann jörðu  
og veit hann er sólarson.

Eins finnur hver,  
sitt eigið fyrst,  
í gjöf, sem hann öðrum gaf.  
Sökk hver, er aðeins  
sér sjálfum lifði,  
í tilgangsleysisins tóm.

II.

Andans eldsneyti  
eru raunir  
þeim, sem er þroskagjarn.  
Horfiðs minning  
og hæpiðs von  
eru sálarlogum sem loft.

Þó að harma  
höfginn virðist  
funa slökkva í fyrstu,  
stígur loginn,  
er stundir líða,  
hærra en áður hófst.



III.

Þar, sem ísskafl  
athafnaleysis,  
hvíllir að hausti fram,  
vaxa ei blóm,  
sem borið geta  
fram tíma vonarfræ.

Sá sem lítið eitt  
lifað hefir,  
yrkir efnissnauð kvæði.  
Blikar ei stál,  
en byrgist ryði,  
sem hvergi nemur við hart.

IV.

Æskumanns vonir  
um yndisnautnir  
og velgengnis höpp og hnoss  
eru sem blómkrónu  
blöð, er fölna  
og falla á lífsins leið.

Svo, þegar burtu  
er blaðaskrautið,  
kemur kjarninn í ljós,  
ávextir lífsins,  
þau andans fræ,  
sem bera fram tíma blóm.

V.

Plógjárn sársaukans  
plægi hjartans  
akur, sem ástum frjóvgast,

þá munu rótfastar  
rósir spretta,  
sem standast hverfleikans storm.

Sjálfselskuhjarn  
með sárum trega  
leysir af sérhvers sál.  
Sá er sér einskis  
æskti sjálfum,  
einn gæti flogið frjáls.

**Haukur Sigtryggsson:**

## **Guðagróði**

Þó að enn í lofti liggi  
lævis spá um vorsins hret,  
á þeim skuggum ekki byggi,  
alla von á lífið set.

Hressir mig nú himinbláminn  
hugur býr við sumaryl,  
horfinn vetrar gamli gráminn,  
guðdómlegt að finna til.

Alls þess vil ég leita í ljóði  
er leikur þýtt á sálarstreng,  
kærleiksorð er guðagróði,  
gerir þig að betri dreng.

Þú sem hefur þúsund óma  
þinni skáldahörpu á,  
leyfðu þeim að lifa, hljóma,  
lækna, þar sem bjátar á.

## Fjallið draumséða

(Litlaus sjónskynjun í byrjun draums breyttist í skýra litaskynjun)

### I.


Það var á nýársdag upp úr hádegi að ég lagði mig fyrir stundarkorn. Ég sofnaði fljótt og draumur lét ekki á sér standa.

Mér þótti ég vera úti staddur. Hjá mér var unglingsdregur. Ekki tók ég eftir útliti hans. Ég horfði til hárra fjalla sem blöstu við í allmikilli fjarlægð. Mér þótti þetta vera Esjan. Eftir fjarlægðinni að dæma, þá var hún ekki ólík því sem ég stæði á Digraneshálsinum austanverðum, t.d. nálægt Víghól. Ég fór að virða fjallið fyrir mér og tók eftir felli einu, sem mér þótt vera Kistufell og er í raun hluti Esjunnar. Það virtist vera hluti aðafjallsins, eins og Kistufell er í raun og veru.

Ekki greindi ég neina liti í þessu landslagi, og í raun var allt í draumnum litlaust og heldur óskýrt enn sem komið var.

Ég fór nú að veita þessu felli alveg sérstaka athygli. Ég sagði við drenginn: „Fjallið stóra er Esjan og fellið sérstaka heitir Kistu-....“ Hér gerði ég snöggan stans á máli mínu, því öll rangþýðing hvarf mér á samri stundu.

Það var eins og birti nú skyndilega yfir athygli minni, og ég sá, að þetta var alls ekki Kistufellið. Heildarlögun þess var að vísu mjög lík Kistufellinu, og ég tók eftir láréttum hamrabeltum, hverju upp af öðru í efri hluta þess. En efsta brún þess tók af öll tvímæli um, að hér var ekki um það fell að ræða. Á vinstri enda þess voru nokkrar lágar nibbur, svo tók við nokkurnveginn slétt brún, en á hægri enda þess (þeim syðri) voru þrjár áberandi háar strýtur og sú syðsta



langhæst. Ég tók nú einnig eftir, að brúnir fjallsins, beggja vegna fellsins höfðu nokkuð aðra lögun en þá, sem er á Esjunni. Einnig virðast mér, sem þetta fjall hafi í heild sinni verið allmiklu hærra en Esjan og meira um sig að öllu leyti.

Raunar fannst mér eins og ég sæi nú fjallið allt í nýju ljósi, og frá sjónarhóli, sem væri mun nær fjallinu, en sá staður, sem ég stóð á í raun og veru, er ég virti það fyrir mér við upphaf draumsýnar, og auk þess var nú eins og sjón mín yrði skyndilega miklu gleggri en áður, svo að ég sá einnig og heillaðist af fögrum litbrigðum bergtegundanna í klettum og hlíðum og fellsins, og fjallsins alls, beggja vegna þess. Ég sá að í efri hluta hlíðanna skiptust á gulleitir, rauðleitir og bleikir flekkir, sem lágu nokkurnveginn upp og niður eftir þeim halla, sem var á berginu og hlíðunum á hverjum stað.

En neðri hlut fjallsins alls, og þar með fellsins áfasta, virtist vera í hálfgerðum skugga, sem var grænleitur eða blágrænn að mestu leyti. Gæti það e.t.v. bent til gróðurs, neðst á fjallinu og neðan við það. Allmikið landsvæði var milli mín og fjallsins, og virtist mér það vera fremur flatt með nokkrum mishæðum þó, en ekki veitti ég því verulega athygli, augu mín beindust fyrst og fremst að fjallinu sjálfu. Ég tók eftir að himininn uppi yfir fjallinu var heiður og ljósblár en ekki athugaði ég hann nánar.

## II.

Mér þykir draumur þessi vera allathyglisverður fyrir ýmissa hluta sakir. Fyrst er að nefna, að í upphafi draums verða engir litir greindir. Samband mitt við draumgjafann hefur þá verið heldur ófullkomið, svo það sem hann horfir á, kemst ekki skýrt inn í sofandi vitund mína. Það eru aðeins sterkustu drættir landslagsins sem ég skynja.

Svo er að sjá, sem ég, draumþeginn, óvitandi samt, hafi haft einhver áhrif á hugsun draumgjafans, því hann er byrjaður að segja drengnum, sem með honum var, rangþýðingu þá, sem frá mér er sprottin.

En nú er athygli drengsins á fjallinu vakin, og líklega er það hún sem eyðir þeim óæskilegu áhrifum, sem ég virtist vera farinn að hafa á draumgjafa minn. Það er sterk athygli drengsins, sem gæti hafa stillt hann frá þessari villu. Þessvegna hættir hann í miðri setningu við að segja drengnum það, sem ekki var nema vitleysa. Við þessa lausn undan áhrifum frá mér, rennur af honum ruglið, og samtímis fæ ég við hann skýrt og fullkomið draumsamband. Öll rangþýðing hverfur að fullu úr draumi mínum, og ég fæ mjög skýran þátt í vitund þessa sambandsvinar míns, sem ég hygg að heima eigi á öðrum hnetti, þar sem birta og litafegurð er öllu meiri en hér, þótt ekki þurfum við, að vísu, að kvarta í því efni.

Ég hygg að draumgjafi minn sé fróður maður, athugull og

glöggur á það, sem fyrir augu ber. Hann hefur tekið með sér ungan vin sinn, í þeim tilgangi að fræða hann um landslagið í nágrenni sínu, segja honum deili á gerð fjallanna, og kenna honum nöfn þeirra o.s.frv. Þá kemur yfir hann þessi óvænta villa vegna hins ófullkomna sambands við einn jarðarbúa, sem heima á í sólhverfi, þar sem lífið er ófullkomið og á mjög svo rangri leið.

Séu þessar hugleiðingar mínar nokkurnveginn réttar, mætti draga þá almennu ályktun, að ekki sé með öllu áhættulaust fyrir fjarlæga stjarnbúa, jafnvel þar sem betur er farið að stefna, að komast í vitundar sambönd við okkur jarðarbúa. Slíkt gæti leitt þá til tímabundinnar andlegrar truflunar. Ef til vill væri, meira að segja, hægt að gera ráð fyrir, að í hvert skipti, sem við rangþýðum drauma okkar, meðan á þeim stendur, þá völdum við draumgjafa okkar skaða með nokkrum hætti, andlegri truflun, sem hann kynni að vera lengur eða skemur að losna úr að fullu.

Sambönd einstaklinga á helstefnujörð, eins og okkar, kunna að vera langdrægari og hættulegri en enn hefur verið talin ástæða til að gera ráð fyrir. Margt bendir þó til að svo sé, og þykist ég hafa eigin reynslu úr nokkrum draumum mínum fyrir því, að ekki hafi ég, draumþeginn, haft sem heppilegust áhrif á draumgjafa mína, í öllu tilliti. Sýnist mér og, að sambandsskilningur Helga Pjeturss, bendi mjög til þess, að hér sé rétt til getið, og að einmitt sé til hans að sækja þann skilning á eðli drauma, sem einn gæti leitt til rétrar niðurstöðu um atriði sem þessi.

*Dreymt á nýársdag 1990.  
Ingvar Agnarsson.*

# Samvitund tveggja

## Draumur

Fyrir mörgum áratugum dreymdi mig draum, sem skar sig úr um skýrleik, sterkt samband og vitneskjuauka, og sagði ég þann draum ýmsum félögum mínum þá, og tel ég víst að ég hafi einhversstaðar getið um hann í rituðu máli, þó að ég finni það ekki nú.

Þetta mun hafa verið árið 1954, en þá var heilsufar mitt í lakara lagi, eins og marka má af því, að ég komst ekki á fund í Félagi Nýalssinna, sem boðaður hafði verið og ég vissi um. Ég lá á sjúkradeild á Vífilsstaðahæli, og hentuðu mér ekki útivistir og ferðir.

Ég svaf vel þessa nótt, og um morguninn fór mig að dreyma, og mér þótti ég vera á þessum sama stað, Vífilsstöðum, á gangi eftir vegarslóða þeim, sem lá fyrir norðaustan og austan túnið, um melana sem þar voru. Mér þótti ég ganga þar í vestur þessa leið, og verður það þá fyrst fyrir mér í draumnum að horfa heim að hælínu og að þeirri húsaþyrpingu sem þar var. Draumurinn hafði verið rökkurkenndur og óskýr fram að þessu, en nú fór þetta sjónsvið heldur betur að breytast. Mér varð ljóst að þessi húsaþyrping var gerólik þeirri, sem ég þekkti og hafði haldið mig vera að horfa á. Um leið og athygli mín vaknaði á þessu í draumnum brá svo við, að allt varð dagbjart og við mér blasti hið fegursta og stórkostlegasta umhverfi, baðað í sólskini. Í vesturátt voru há og brött fjöll (úti í Faxaflóa, eftir afstöðunni!), og víðar voru mikil fjöll sem ég þekkti ekki. Einkennilega angurvær og þó örvandi hugblær fylgdi þessum sýnum, en þó var það efst í huga mér, að „ég“ þóttist vita að „ég“ væri ekki „ég“ heldur vakandi maður, sem vissi, að hann var að verða draumgjafi. Í þessu furðu-

lega meðvitundarástandi gekk ég nú í draumnum leið nokkra, sem svaraði til vegarins norðan og austan við hælið (þótt allt væri þarna öðruvísi), og reyndi ég (draumgjafinn) að taka sem best eftir öllu, til þess að ég (draumþeginn!) gæti munað það, þegar hann vaknaði. Ég sá lítið tré við veginn og fór nú að skoða laufið, sem var smátt og egglega, ekki ósvipað bláberjalaufi en heldur stærra þó. Um leið og „ég“ fór að rýna í þetta vaknaði ég. Morgunhafragrauturinn var að koma á náttborðið mitt.

Ég át grautinn og varð víst eitthvað hugsað til þess, að gaman væri, ef draumurinn gæti haldið áfram, ef ég sofnaði aftur, en því hafði ég ekki átt að heilsa um drauma. En nú sofnaði ég, og fór ekki á milli mála, að síðari draumurinn var úr líku umhverfi, ekki síður skýr og áhrifagóður, og líklegast frá sama draumgjafa.

Ég þóttist vera ásamt þremur félögum mínum (sem ég þýddi ekki fyrir neina mér kunna menn) í farartæki, sem líktist bíl, en var mun hljóðlátara. Í lofti heyrði ég yndislegan fuglasöng og sá þeim bregða fyrir, á stærð við sólskríkju, og gróskumiklum runnum eða trjám þóttist ég einnig vita af nær þeirri leið sem farin var. Allsstaðar var líf og yndi. Við félagarnir vorum að tala um þetta afar-merkilega, sem hefði komið fyrir einn okkar, að hann hafði vakandi orðið þess var að vera draumgjafi manns á frumlífs-hnetti, sem hefði þó skilning á eðli drauma; (nú er ég að orða þetta samtal eftir mínum hætti löngu seinna, en einhvernvegin svona kom mér þetta mér fyrir). Var nú ákveðið að „ég“ þ.e. draumgjafi minn, skyldi leggjast fyrir í farartækinu og reyna að ná sambandinu aftur. Taldi einn félaginn þetta vonlítið (ég þóttist heyra orðin: „Það þýðir ekkert. . .“), en við þetta efldist sambandið til muna, og mér (sofandi) fannst ég aftur fara að verða virkur í því sem þarna fór fram, það er að mín meðvitund kæmi þarna við sögu. Ég tók til orða um það, sem mér um þessar mundir var einna efst í huga (þá voru vetnissprengjur í miklum uppgangi - 1954): „Komið þið sælir. Ég er á mjög hættulegri stjórn. Þeir hafa vopn. . .“



Lengra komst ég ekki því hér vaknaði ég í annað sinn, og varð draumurinn ekki lengri. En á fundi Nýalssinna kvöldið áður hafði verið lesið úr ritgerðinni „Á annarri stjörnu“ eftir Helga Pjeturss. Var sú ritgerð þá í fárra manna höndum, og þótti víst öllum fengur að þeim lestri þar. Hún er, að heita má, fyrsta skipulega ritgerðin um uppgötvun hans á sambandseðli drauma (1914), og er ákaflega skemmtilega skrifuð, enda þótt „Nýalsstillinn“ væri þar enn ekki kominn til sögunnar. Miðaði lestur hennar til þess að skapa stilli-áhrif af því tagi, sem einmitt þessi draumur ber svo ljósan vott um. Að minnsta kosti hefur aldrei verið neitt hik á mér um það að þakka félögum mínum á fundinum þarna niðurfrá hina óvenjulegu draumreynslu mína þennan morgun.

Ég get ekki heldur séð neitt því til fyrirstöðu, að sofandi draumþegi geti, þegar sérstaklega stendur á, látið hugsanir sínar og mál koma fram í draumgjafa sínum, þannig að einskonar hlutverkaskipti verði með þeim allra snöggvast. En **sjálfrátt** getur hinum dreymandi manni ekki verið slíkt með öllu.

„För sálarinnar yfir á ókunna landið“ mundu þeir smekkvísustu meðal dulfræðinga trúlega hafað kallað reynslu af þessu tagi. En ég veit betur um það mál. Þarna var engin loftkennd sál á ferðinni, og því síður „undirvitund“ heldur lifandi menn í náttúrulegu umhverfi. Í himnaríki er bæði grjót og gróður og allir hlutir eins raunverulegir og orðið geta.

05. 12. 1989.

*Þorsteinn Guðjónsson.*

## Fyrir miðilsmunn 24. 02. 1986.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Ítölsk kona frá 12. öld.

Ítölsk (kona) frá 12. öld.

Blessuð og sæl.

Dó á skelfilegan hátt. Var lengi í myrkri, þangað til ég varð fyrir áhrifum bjartra hjálpenda. Þeir sem björguðu mér úr þessu myrkri framlífsstaðarins, sem ég flutti á fyrst, sem var auðvitað í myrkheimi annars hnattar. Þeir sem þar voru fyrir og ég varð að þola, (voru) óvinir mínir. Ég get ekki mikið sagt þá sögu núna, sem er efni í bækur.

En framlífsstaður þessi var byggður nokkurskonar djöflum í mannsmynd. Lífverur á því stigi að grimmd og miskunnarleysi er réttasta lýsingin. Það var skelfileg tilvera þarna og hver, sem þar var lengri tíma, hlaut að þola pyntingar hinar skelfilegustu af völdum illmennanna.

Sjálf get ég ekki sagt ég hafi verið þannig alveg án þess að hafa unnið til að koma þarna fram. En ég fann þó fljótt iðrun og þrá í brjósti mér eftir einhverju bjartara og fegurra en þarna var og löngun til að bæta fyrir brot mín. Bjartar og göfugar verur, sem loks komu mér til hjálpar.

Það er rétt að segja söguna eins og hún er. Það kalla ég sigur hins góða og það í þeirri fegurstu mynd, sem nokkur getur hugsað sér eftir allt, sem á undan var gengið. Hver stund á þessum stað var óbærileg þjáning, skelfing og örvænting. Þetta sem þið heyrið frá mér hér, er löngu liðin saga. En rétt að hún komi fram samt fyrst. Ég segi ekki meira um það, hvernig það gerðist.

En ég þóttist þurfa að hefna mín á óvinum mínum. Beitti kannski hörku meir en skyldi. Það fylgdu mér þær afleiðingar, sem ég síst hefði kosið mér, hvernig ég beitti aðra

miskunnarleysi. En það var nú líka til þess að kveða niður vissa hættu, sem ég þóttist sjá fyrir gagnvart sjálfri mér. En það kom margt til, að ég leiddist út á slíkar brautir. Ætt mín var völdug. Eymd í mannfélaginu líka mikil, sem stafaði af ranglæti hinna ríku. En ég segi ekki þá sögu núna. Og sú byrði, sem ég varð að bera, var þung. *En enginn getur komist hjá afleiðingum verka sinna, hvort sem góð eru eða ill.* (Það er) staðreynd. Verður seint of mikil áhersla lögð á hana.

Ég skynja til ykkar stöðvar. Mikil stöð hér þar sem ég er stödd á framlífsjörð fagurri. Mjög mikil og stórkostleg bygging það. En hver slík stöð verður helst að vera byggð þannig ekki sé ósamboðin hlutverki því, er henni er ætlað, að vera aflstöð hins æðsta máttar.

Ég get reynt örlítið til að lýsa sjálfri mér. Ég er ekki ófrið, að ég sjálf tel, hávaxin og grannvaxin og ljós á hörund og hár, augun blá. En það er annað af mér að segja. Ég hef yfir að ráða geislamætti miklum, er lýsir af höndum mínum og höfði og augum, þannig líkast er sem sól sæi, munu menn geta sagt, sem á mig horfa úr nokkurri fjarlægð.

En það er ekki hægt að segja ég hafi lengi svo verið. Það er tiltölulega skammt síðan ég öðlaðist birtuna, sem lýsir langan veg sjáanlega. En ég hef lagt mig mikið fram að komast á hærra stig máttar og kærleiks og visku. En sannleikurinn er, að ég nýt auðvitað að margra samstirninga minna. Án þeirra væri ég sjálfsagt lík og fyrrum, mér fylgdi lítil birtan. En þetta er þó áunnið að nokkru.

Ég hef séð sitt af hverju á langri leið og í vitund minni er þekking talsverð á lífinu og margvíslegum tilbrigðum lífsins. Enginn einn er öðrum fremri að öllu leyti en hver er þó að einhverju leyti öllum öðrum frábrugðinn og ekki er víst, að neinn geti það. Er eins og hver sé þannig sérstök tegund (sérstakur) þáttur tilverunnar, sem hvergi er til annarsstaðar eins.

En það eru minningarnar, sem eiga þar (hlut að) og reynslan, sem setur minningarmarkið á manninn, þannig að sagan býr í vitundinni, minningarnar, og án þeirra er

dauðinn einn framundan. Minningarnar eru undirstaða þroskans og *verundin* er minningunum tengd og í þeim fólgin. Jæja, þó ekki segi ég nema lítið eitt af mér núna, þá (er) ef til vill betur sagt en ósagt.

Þakka nú fyrir og megi ykkur vel farnast.

Verið sæl.

*Gunnar Hjörvar (ritað eftir segulbandsupptöku).*

## **Fyrir miðilsmunn** 09. 10 1989.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Eyfirsk kona frá 16. öld.

(Eyfirsk kona frá 16. öld):

Kona. Blessuð. Jæja líður ykkur bærilega? Ég er íslensk framliðin kona. Sæl verið þið öll. Jæja, það eru allnokkuð mörg ár frá því ég flutti af jörðinni, yfirgaf hana.

Olgeir Möller: Hvernig gekk þér að átta þig á flutningunum á aðra jörð?

Eyfirsk kona: Mér þótti merkilega fagurt þar landslag og fólkið dásamlega fallett.

Ingvar Agnarsson: Áttu heima á sömu jörðinni ennþá?

Eyfirsk kona: Það er ekki komið enn að því, að ég skipti um og flytji yfir á aðra jörð, sem ég veit þó, að ég mun gera áður en lýkur.

En mér líður dásamlega vel þar, sem ég er nú og þykir sem hér sé gott að vera í alla staði. Farið hef ég hamförum milli hnatta þó nokkrum sinnum. Þar hef ég komið, þar sem enn fegurra er en á þessari jörð, þó fögur sé og ekki kvíði ég að koma frá á slíkri jörð, verði það mitt hlutskipti síðar og vonandi mun svo verða.

Ég var á jörðinni ekki í tölu fyrirfólksins, aðeins fátæk kona, lítils megandi. Þó vissi ég sitthvað, sem öðrum var hulið og skynjaði margt dularfullt, sem menn kalla, ekki af því, að það sé í edli sínu dularfullt. Gat þannig séð fyrir hluti og sá með fólki svokallaðar fylgjur eða í sambandi við fólk. Þar var margt skrítið á ferð. Menn vita ekki alltaf, hvaða

fylgjur eru með þeim. En það geta verið bjartar verur, líka miður bjartar. Og læt nú ekki talið berast að þeim mikið en hinum björtu verum fylgir góður hugur og góður kraftur. En það má margt ræða um þessa hluti. En ég get nú ekki farið svo mikið út í það samt að þessu sinni.

En svo var það stundum líkast því ég hyrfi af jörðinni og kæmi fram á æðri og fegurri stöðum, þar sem ég var fyrst lifandi í orðsins fyllstu merkingu. En það að fara þaðan aftur til jarðarinnar, þótti mér ekki skemmtilegt. En minningin um þessa reynslu varð mér styrkur mikill og hugarléttir og hjálpaði mér til að sætta mig við mitt hlutskipti. En það kom að því ég einn dag var flutt hingað á þann hnött, sem ég á heima á og var mér hér mjög vel tekið. Mér var það að orði, hér vildi ég vera sem lengst og hef síðan hér verið.

Ástin er það, sem maður öðlast í framlífi — (spóluskripti).

Ingvar: Er fagur stjörnuhiminn þar sem þú átt heima?

Eyfirsk kona: Ákaflega mjög fagur stjörnuhiminn og bjartur.

Ingvar: Eru fleiri en eitt tungl?

Eyfirsk kona: Eru þau þó nokkuð mörg tunglin hjá okkur. Hvert öðru fallegra.

Ingvar: Mismunandi á litinn?

Eyfirsk kona: Mismunandi björt og að stærð.

Ingvar: Er alltaf eitthvert þeirra á lofti á hverju kvöldi?

Eyfirsk kona: En það má segja, að tunglin séu um tuttugu hér.

Ingvar: Og sjást þau með berum augum?

Eyfirsk kona: Ekki jafn greinilega öll en þau sjást flest að minnsta kosti. Þannig verður maður undrandi að sjá mörg tungl á lofti, sum stærri og sum minni.

Ingvar: Eru fleiri en ein sól?

Eyfirsk kona: Það eru nú ekki jafnmargar sólinnar. Tvær. Og ekki er þar minna undrunarefni þó í sjálfu sér. Birta þeirra er slík og fegurð.

Ingvar: Eru þær mismunandi á litinn?

Eyfirsk kona: Mjög miklu bjartari önnur en hin. Fagurblá og björt önnur en hin er með rauðlitum blæ.

Ingvar: Þú munt auðvitað hafa orðið undrandi fyrst við að sjá þessa fegurð himinsins?

Eyfirsk kona: Og ég held ég sé enn jafnundrandi. En þó er ég fróðari miklu um stjarnhimininn en ég var í fyrstu og skynja mikið í sambandi við hinar ýmsu stjörnur, er ég sé á himinhvolfinu um nætur og ég hef séð í sýnum margt, er þaðan er komið. Öll er tilveran undrunarefni og tilgangur hennar og eðli stórkostlegra en orð ná yfir nema að takmörkuðu leyti. En hver hnöttur og hver vetrarbraut lýtur ákveðnum lögmálum. Lögmál náttúrunnar má rannsaka og skilja og þannig öðlast innsýn í tilgang og takmark tilverunnar. Já, þú spyrð skynsamlegra spurninga.

Ingvar: Eru fleiri hnettir en þinn byggðir mönnum í þínu sólhverfi? Mannkynjum komnum misjafnlega langt á þroskabraut?

Eyfirsk kona: Áreiðanlega er það svo, að í sólhverfi þessu eru byggðir hnettir fleiri en einn og fleiri en tveir. Það, sem ég hef komist að með fullkominni vissu, að nokkrir hnettir eru hér byggðir mannkynjum og hver byggður hnöttur heimur út af fyrir sig. En samt sem áður margt líkt með þessum hnöttum og mannkynjum þeirra um þroska og sögu alla og menningu. Þetta veit ég og ákaflega margt, er ég gæti sagt um þetta, ef þess yrði kostur að koma því fram.

Ingvar: Eru samgöngur milli þessara hnatta?

Eyfirsk kona: Áreiðanlega vita þessi mannkyn hvert af öðru meira og minna. En það er nokkurskonar æðri viska, sem stjórnar sólhverfinu, er ég kalla æðri forsjón og það vekur mann til umhugsunar um hinn æðsta verund, alheimsverund og hans stjórn á tilverunni í hinu smæsta sem hinu stærsta. Þar er undursamleg viska og máttur að verki.

Ingvar: Er þessi hnöttur þinn í okkar vetrarbraut?

Eyfirsk kona: Mjög fjarlægri vetrarbraut og er í þeirri vetrarbraut utarlega.

Ingvar: Er hún mjög fjarlæg?

Eyfirsk kona: Í ljósárum talið svo milljónum nemi eigi allfáum. En allar fjarlægðir eru hinar stórkostlegustu í geimnum og maður hlýtur að undrast mátt lífgeislans og

möguleika til að sigrast á þeim fjarlægðum.

Ingvar: Er þín vetrarbraut í heild fullkonnari heldur en okkar að öllum þroska?

Eyfirsk kona: Í þessari vetrarbraut minni er lífið á hærra stigi samstillingar miklu en ykkar vetrarbraut í heild. En þrátt fyrir það eru í ykkar vetrarbraut stórkostleg mannkyn og merkileg framvinda þar sem lengst er komið í vitáttina. En þó eru þar, því miður, frumlífsmannkyn á heljarlóðum, helstefnumannkyn, sem mjög er vandasamt að koma á rétta braut og samstilling í vetrarbrautinni þannig sumstaðar á hinum ófullkonnustu hnöttum mjög fjarri því að vera til staðar í réttu lagi.

Nú er ég búin að tala þó nokkra stund eða reyna það og hef nú ekki tök á að halda áfram lengur, þó ég vildi. En það er mér mikil þökk, að hafa komið hér fram og fengið að tala.

Ingvar: Ég er ákaflega þakklátur og vildi eiga kost á að tala við þig seinna.

Eyfirsk kona: Þykir mér vænt um að mæta slíkum viðtökum sem hér.

Halldór Vigfússon: Hvar varstu búsett á landinu?

Eyfirsk kona: Á Norðurlandi. Í Eyjafirði á 16. öld.

Jæja, þið getið nú haft mig í huga, ef ykkur er eitthvað sérstakt í huga um að vita um minn hnött. Gæti hugsanlega haft áhrif þaðan á meðal ykkar í framtíðinni til góðs og þeir, sem styðja mig að tala hér til ykkar, eru máttugir. Verið þið nú sæl.

*Gunnar Hjörvar (ritað eftir segulbandsupptöku).*

## Tvær leiðréttingar

Í greininni „Upphaf Félags Nýalssinna“ (1989), Lífgeislum 58. tbl., bls. 78, hefur fallið niður að geta tveggja þeirra sem sátu fyrsta fundinn, eftir því sem ég finn nú í gamalli skrá: *Eggerts Loftssonar*, sem nú er nýlátinn, og óhætt að segja að félaginu var betri en enginn um áratuga skeið. Hinn er: *Tryggvi Guðbjörnsson*, frá Rauðsgili, sem virkur var í félaginu fram yfir 1960. Að þeim meðtöldum er fundarmannatalan komin upp í 19, og bendir það til þess, að þetta hafi verið allsterkur fundur.

Hin villan, að orðatiltækið „að skadda ljósið“, sem ég sagði þarna hafa verið haft eftir tilteknum fundarmanni, byggðist á misheyrn minni í samtali við Svein Haraldsson - og endurtekinni misheyrn hans, þegar ég gekk eftir þessu orði hjá honum, og margdádíð að því. Hið rétta var, að því er Sveinn segir mér nú: „þeir *skammta* ljósið“. Átt var við að þeir tækju sína menn fram yfir aðra.

Frægt mishermi varðandi „ljósið“ var það, að því var lengi trúað, að andlátsorð stórskáldsins Goethe hefðu verið: meira ljós! En síðar munu hafa fundist gögn, sem sanna, að hann hafði sagt eitthvað hversdagslegra síðast orða. „Ljósið“ vildu menn styrkja með því að setja það í samband við hinn fræga mann. - Engu að síður hefur fjöldi fólks, fyrr og síðar, „séð ljós“, sumir á banabeði, en margir löngu fyrr.

Æskilegt væri, að góðir lesendur og safnendur Lífgeisla færðu nöfn E. L. og T. G. ásamt orðinu „skammta“, inn í greinina „Upphaf Félags Nýalssinna“.

P. G.



# Til lesenda Lífgeisla

Hin endurvakta útgáfa á Lífgeislum virðist nú vera að ná föstum sessi meðal margra þeirra, sem áður voru fastir áskrifendur og er það gleðiefni. Væri það útgáfunni og kostnaðaraðila hennar mikil uppörvun, ef sem flestir gætu staðfest áskrift sína, áður en á löngu líður.

Eins og áður hefur verið vikið að, (og ávallt var í gildi frá upphafi „Lífgeisla“), verður ritið sent ókeypis til þeirra, sem af einhverjum ástæðum eiga bágð með greiðslu. Væri útgáfunni mikil þökk á að hinir sömu létu okkur þá vita. Ekki er nauðsynlegt að greina ástæður.

Enn viljum við beina þeirri ósk til lesenda, að þeir sendi okkur eitt og annað efni, sem hentað gæti ritinu til birtingar, og þarf víst ekki að telja upp sérstaklega hverskonar efni það gæti verið, því fjölbreytni mætti gjarnan vera sem mest á því sviði, sem einkum er viðfangsefni þess.

Þar sem þetta hefti Lífgeisla er hið fyrst á þessu nýbyrjaða ári (1990) viljum við óska lesendum árs og friðar og þjóðinni þess að lífgeislan frá lengra komnum mannkynjum annarra stjarna megi ná að koma sér betur við, en enn hefur orðið raunin á. Að skilningi okkar, sem að þessu blaði stöndum, væri það öruggasta leiðin öllum til farsældar.

Fyrir hönd ritstjórnar Lífgeisla og Félags Nýalssinna,

*Ingvar Agnarsson*

Ný bók frá Skákprenti:

## Hvað heita stjörnurnar?

*Leiðsögn til stjarnanna Ingvar Agnarsson  
Skákprent 1989 136 bls.*

Ég hafði það af að komast út á svalir eitt kvöldið meðan kuldarnir voru, og sjá: það var heiðskírt loft og sá vel til stjarna. Þarna voru þeir komnir, fornvinir mínir himinhnettirnir, sólbjartir, sólheitir í hinu dimma, kalda djúpi sem er óendanlegt í allar áttir og allt annað geymir, einnig okkur sjálf. Hérna erum við, í þessum víða geimi, og væri það hollt og gott hinum önnum köfnu athafnamönnum og öðrum sem áhyggjur hafa að losa hugsa sinn stund og stund þar frá. Á tíu til fimmtán mínútum er hægt að gleyma öllu jarðaramstri og verða frjáls borgari í himingeimnum. Við förum að spyrja hvað stjörnurnar séu, hvað þær séu og hvað þær heiti.

Nýlega er út komin bók undir nafninu **Leiðsögn til stjarnanna** eftir Ingvar Agnarsson og er hún, eins og nafnið bendir á, tilsögn í því að þekkja stjörnurnar í heimingeimnum og vita nöfn þeirra. Hún er þörf viðbót í bókaforða okkar Íslendinga því engin bók hefur verið til sem gegndi þessu hlutverki fyllilega. Nú hefur verið bót á þessu ráðin og það með glæsibrag. Útgefandinn, **Skákprent**, hefur ekkert til sparað að gera bókina sem best úr garði hvað myndskreytingu snertir og annað útlit og hefur hann, auk þess sem höfundur leggur til, notið leiðbeininga fræðimanna og einstaklinga sem hafa sýnt málinu áhuga og frá Stjörnuskoðunarfélaginu. En það félag hefur um árabíl haft aðsetur sitt á Seltjarnarnesi og veitt fólki aðstöðu til að nota góðan sjónauka sem það á.

Bókin **Leiðsögn til stjarnanna** er falleg bók og býður af sér góðan þokka. Aðalefni hennar er að kenna fólki, meðal annars með glöggum skýringarmyndum, að þekkja helstu stjörnumerki sem sjást hér á landi og síðan innan þeirra einstakar stjörnur. Fyrir byrjandann eru stjörnukortin á bls. 50-55, sem sýna viðáttumikil himinsvæði, mjög gagnleg til að ná fyrsta yfirliti og síðan er hægt að rekja sig áfram hvað af hverju. En fyrir utan þessi frumatriði er í bókinni dreginn fram fjöldi atriða af margvíslegu tagi: goðafræðin gríska, sem frammar öllu öðru tengist stjörnumerkjunum, sögulegur fróðleikur um þróun stjörnufræðinnar. Einstök stjörnunöfn eru í þessari bók fjölmörg talin og rakinn uppruni þeirra, grískur, arabískur, norrænn, í tengslum við merkin sem þær mynda. Skrár eru um birtuflokka, litróf og fjarlægðir einstakra starna - en þar eru ókjör og ógrynni af furðulegasta fróðleik sem stjörnufræðingum hefur tekist að afla fyrr og síðar, en þó einkum á síðustu tímum með tilhjálp tækniundra og ýmislegs samanburðar.

Og enginn skyldi halda að sá fróðleikur sé gagnslaus eða þá svo „þungur“ að enginn geti skilið hann. Það er einn höfuðkostur bókarinnar hvað hún er einföld og skýr í öllum atriðum, snýr sér beint til lesandans eða þess sem ætlað er að fara að skoða og greiðir fyrir honum.

Sá sem augu hefur, hann horfi.

*Þorsteinn Guðjónsson*

**INGVAR AGNARSSON**



**LEIÐSÖGN  
TIL  
STJARNANNA**

Verð beint frá útgefanda kr. 2.500.- (bókabúðarverð er 3.750.-)

Nokkrar upplýsingar um bókina:

Aðalflokkaheiti:

- I. Fróðleiksmolar um stjörnurnar.
- II. Stjörnumerki og stjörnur.
- III. Atriðaskrá um birtu, litróf, ljósafl og fjarlægð stjarna.
- IV. Viðauki í myndum og máli.

Bókin er 136 bls. og hefur inni að halda, auk lesmáls 112 teikningar og myndir (86 í litum og 25 svarthvítar).

Útgefandi: **SKÁKPRENT** Dugguvogi 23, Pósthólf 1179,  
121 Reykjavík, Símar 91-31391 og 91-31975.

# Lífgeislar

Útgefandi: SKÁKPRENT fyrir hönd Félags Nýalssinna  
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík  
Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

## EFNISYFIRLIT

### ERINDI OG GREINAR:

Geimþoka — myndunarstaður nýrra stjarna. (Sjá forsíðumynd) I. A. ....	bls.	2
Fljúgandi furðuhlutir (með fjórum myndum) .....	”	3
I. Inngangsorð. I. A. ....	”	3
II. Fljúgandi hluturinn sérkennilegi. Katrín Sölbjartsdóttir .....	”	5
III. Myndir af sérkennilegum sýnum í lofti I. A. ....	”	7
Heimsviðburður og stjörnusáfræði. Þorsteinn Guðjónsson .....	”	9
Hin rétta undirstaða. Helgi Pjeturss .....	”	10
Hver er hinn mesti hraði? Gunnar Grímsson .....	”	11
Mun jörðin bjargast? Þorsteinn Guðjónsson .....	”	12
Kraftur sannleikans. Helgi Pjeturss .....	”	13
Frá jörð til jarðar (með mynd). Þorsteinn Guðjónsson .....	”	14

### LJÓÐ:

Glerbrot. Þorsteinn Jónsson á Úlfstöðum .....	bls.	16
Guðagróði. Haukur Sigtryggsson .....	”	18

### DRAUMAR:

Fjallið draumséða (með mynd) I. A. ....	bls.	19
Samvitund tveggja. Þorsteinn Guðjónsson .....	”	23

### SAMBANDSFUNDIR:

FYRIR MIÐILS MUNN. Gunnar Hjörvar ritaði ...	bls.	26
Ítölsk kona frá 12. öld .....	”	26
Eyfirsk kona frá 16. öld .....	”	28

Tvær leiðréttingar (vegna síðasta tölublaðs). Þ. G. ....	bls.	32
Til lesenda Lífgeisla. I. A. ....	”	33
Hvað heita stjörnurnar? Þ.G. ....	”	34
Leiðsögn til stjarnanna: Auglýsing frá Skákprenti .....	”	35